


Húseyjarkvísl 1998 og 1999

Bjarni Jónsson

Apríl 2000

VMST-N-00007



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

Inngangur

Gerð var athugun á seiðastofnum Húseyjarkvíslar í ágúst 1998 og 1999. Rafveitt var á hefðbundnum stöðum í ánni og í tilbúnum búsvæðum. Einungis var veitt á fiskgengum hlutum árinna. Gerð er grein fyrir niðurstöðum rafveiða, bæði á opnum stöðum í ánni svo og í grjótgörðum, úttekt á tilbúnum búsvæðum og samantekt á veiði í Húseyjarkvísl sumarið 1999.

Aðferðir

Rafveidd var ein yfirferð á hverjum rafveiðistað, aflinn lengdarmældur og sýni tekin til aldursgreininga. Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri var reiknaður miðað við 100 fermetra. Lengdar- og aldursdreifing seiða er sýnd á myndum fyrir hvern rafveiðistað. Veitt var á sömu stöðum og undanfarin ár (Bjarni Jónsson 1997 Hólar, Skýrsla um Húseyjarkvísl), en bætt við einum rafveiðistað í Húseyjarkvísl neðan við Glaumbæ, stað 4. Einnig var veitt í mörgum þeirra tilbúnu búsvæða sem útbúin hafa verið í Húseyjarkvísl.

Ástand og stærð tilbúinna búsvæða í Húseyjarkvísl neðan brúar við Saurbæ var metin. Búsvæðin voru stikuð út og gefin einkunn með tilliti til uppeldis fyrir laxaseiði á skalanum frá 0-10. Fermetra fjöldi tilbúinna búsvæða var reiknaður út og þau voru flokkuð eftir ástandi. Eftir að nokkur þessara búsvæða höfðu verið metin með tilliti til uppeldis fyrir laxaseiði var rafveitt í þeim til að sjá hve mikil samsvörun væri á milli einkunna og seiðapéttleika.

Veiðin 1999

Alls veiddust 39 laxar, 349 urriðar og 17 bleikjur í Húseyjarkvísl sumarið 1999. Laxveiðin dreifðist nokkuð á veiðitíman. Það sama má segja um urriðaveiðina. Aftur á móti var bleikjuveiðin einskorðuð við fyrri hluta veiðitímabilsins (mynd 16). Langmest af þeim laxi sem veiddist í Húseyjarkvísl sumarið 1999 veiddist á neðstu veiðistöðunum í ánni en urriðaveiðin og bleikjuveiðin var dreifðari. Á heildina litið veiddsit óvenjulítið í efri hluta árinna (mynd 17). Flestir smálaxarnir sem veiddust sumarið 1999 voru hængar en stórlaxaveiðin samanstóð aðallega af hrygnum (mynd 18; hængar undir 3,5 kg. eru skilgreindir sem smálaxar og hrygnur undir 4,0 kg.).

Niðurstöður rafveiða

Húseyjarkvísl 1998. Hefðbundnir rafveiðistaðir

Í gilinu neðan Reykjafoss, stað 1 voru tveir árgangar laxaseiða, eins árs, og tveggja ára seiði (tafla 1; mynd 2). Allnokkuð var af laxaseiðum á þessum kafla en ekki veiddust þar önnur seiði.

Á hefðbundnum rafveiði stað við Saurbæ, stað 2 veiddust tveir árgangar laxaseiða, vorgömul og eins árs seiði. Ekki varð vart við eldri laxaseiði á þessum stað (tafla 1; mynd 2). Þéttleiki laxaseiða var nokkru minni en á undanförunum árum (Bjarni Jónsson 1997). Vottur var af urriðaseiðum á þessum kafla, vorgömlum, eins,- og tveggja ára seiðum (mynd 9).

Á kaflanum neðan Laugarhýls, stað 3 veiddust tveir árgangar laxaseiða, vorgömul og eins árs seiði, en í fremur litlum þéttleika. Ekki var þar vottur af eldri laxaseiðum (tafla 1; mynd 2). Talsvert veiddist af vorgömlum urriðaseiðum vart varð við eins árs urriðaseiði (mynd 9).

Húseyjarkvísl. Seiði í tilbúnum búsvæðum

Rafveitt var í fjórum grjótgörðum ofan Saurbæjarbrúar; 1, 3, 4 og 5 garði talið upp frá brúnni. Fremur lítið veiddist af laxaseiðum í görðunum, vottur af eins árs seiðum í þremur þeirra og tveggja ára laxaseiði í einum þeirra (tafla 1; mynd 3a og 3b).

Nokkuð veiddist af vorgömlum urriðaseiðum í öllum garðanna og einnig eins árs urriðseiði í einum þeirra (myndir 10a og 10b).

Heldur meira var af laxaseiðum í grjótgörðunum neðan Saurbæjarbrúar. Rafveitt var í fjórum grjótgarðanna neðan brúar; 1, 2, 3, og 4 garði talið niður frá brú. Vorgömul laxaseiði veiddust í fjórum garðanna og eins árs laxaseiði í þeim öllum. Hins vegar varð aðeins vart við tveggja ára seiði á einum stað (tafla 1; myndir 4a og 4b). Þó að meira þéttleiki hafi verið af laxaseiðum í görðunum neðan brúar (garðarnir neðan brúar eru nýrri en þeir sem ofan við eru), þá var hann minni en árin á undan (Bjarni

Jónsson 1997). Mikill þéttleiki var af urriðaseiðum í þremur efstu grjótgörðunum neðan Saurbæjarbrúar, þrjár árgangar; vorgömul, eins,- og tveggja ára urriðaseiði (mynd 11).

Rafveitt var í tveimur grjótgörðum við Laugarhyl; efri og neðri garði. Vart varð við tveggja ára laxaseiði í öðrum þeirra en eins árs seiði í hinum. Ekki veiddust þar önnur laxaseiði (tafla 1; mynd 5). Vorgömul og eins árs urriðaseiði veiddust í öðrum garðanna (mynd 12).

Húseyjarkvísl 1998. Hefðbundnir rafveiðistaðir

Talsvert veiddist af tveggja ára laxaseiðum á efsta rafveiðistaðnum, stað 1 fyrir neðan Reykjafoss, og aðeins af eins árs seiðum (tafla 2; mynd 6). Minna var af eins árs laxaseiðum á þessum stað en árið áður en svipaður þéttleiki af tveggja ára laxaseiðum.

Á stað 2 við Saurbæ veiddust vorgömul laxaseiði og tveggja ára seiði. Ekki varð þar vart við vott af eins árs laxaseiðum tafla 2; mynd 6), þó veiddust vorgömul laxaseiði á þessum kafla árið áður. Þéttleiki laxaseiða á þessu svæði var fremur lítill líkt og 1998 og minni en á undanförunum árum (Bjarni Jónsson 1997). Vottur var af urriðaseiðum á kaflanum, þrjár árgangar; vorgömul, eins árs, og tveggja ára seiði (mynd 13).

Á rafveiðistað 3 fyrir neðan Laugarhyl veiddust þrjár árgangar laxaseiða; vorgömul, eins,- og tveggja ára seiði. Laxaseiði voru hins vegar í fremur litlum þéttleika á þessum kafla (tafla 2; mynd 6) en þar hefur oft á undanförunum árum verið mikið af laxaseiðum (Bjarni Jónsson 1997). Mikið veiddist af vorgömlum urriðaseiðum neðan Laugarhyls og vottur af eins árs urriðaseiðum (mynd 13).

Veitt var á nýjum stað í Húseyjarkvísl sumarið 1999, stað 4 fyrir neðan Glaumbæ. Áin er fremur lign á þessu svæði og breiðir úr sér. Vatnið var nokkuð mjólkurlitað þegar rafveiðarnar fóru fram. Botngerðin einkenndist af leir, sandi og möl og gróðurflákum í ánni. Ekki veiddust laxaseiði á þessum stað en nokku af urriða seiðum og bleikjuseiðum. Aðeins veiddist af vorgömlum urriðaseiðum en meira af eins árs seiðum (mynd 13). Þrjár árgangar bleikjuseiða komu fram í rafveiðunum, vorgömul, eins árs,- og tveggja ára seiði (mynd 15). Bæði urriða- og bleikjuseiðin sem veiddust á þessum stað voru ljósari yfirlitum en seiði sem veiddust ofar í ánni.

Húseyjarkvísl 1999. Tilbúin búsvæði

Veitt var í tveimur grjótgörðum ofan Saurbæjarbrúar sumarið 1999. Vorgömul og tveggja ára laxaseiði veiddust í báðum görðunum en í litlum þéttleika. Einnig var veitt í kvísl í ánni að austanverðu sem hefur farið vaxandi á síðustu árum. Þar varð vart við vorgömul laxaseiði (tafla 2; mynd 7). veiði í þessum görðum hefur farið dvínandi á undanfórnum árum, en þetta eru jafnframt fyrstu garðarnir sem gerðir voru í Húseyjarkvísl. Talsvert var hins vegar af urriðaseiðum í þessum görðum (mynd 13bb).

Þéttleiki laxaseiða var nokkru meiri í grjótgörðunum neðan Saurbæjarbrúar. Veitt var í 6 grjótgörðum neðan Saurbæjarbrúar og segja númer þeirra til um röð þeirra niður frá brúnni; staðir A3-A8. Vorgömul laxaseiði veiddust í fimm garðanna en í fremur litlum þéttleika. Tveggja ára seiði veiddust í þremur garðanna og þriggja ára laxaseiði í fjórum. Hins vegar veiddust eins árs laxaseiði aðeins í einum garði, A7 og aðeins eitt seiði (tafla 2; myndir 8a og 8b). Mikið veiddist af urriðaseiðum í grjótgörðunum neðan Saurbæjarbrúar. Mest var af vorgömlum seiðum, aðeins af eins árs seiðum og vottur af tveggja ára seiðum (myndir 14a og 14b).

Mat á tilbúnum búsvæðum

Alls voru metin 24 tilbúin búsvæði við austurbakka Húseyjarkvíslar neðan Saurbæjarbrúar og 13 staðir við vesturbakkan. Matið náði til allra tilbúinna búsvæða á þessum árhlyta, eða frá brúnni og niður fyrir Laugarhyl. Samkvæmt mælingum voru tilbúin búsvæði við austurbakkan samanlagt um 595,5 fermetrar og við vesturbakkan 330,5 fermetrar eða samanlagt 926 fermetrar. Samkvæmt huglægu mati á skalanum frá 0-10 með tilliti til gæða svæða fyrir uppeldi laxaseiða þá fékk mestur hluti þessara búsvæða einkunir yfir 5. Algengast var að svæði væru metin á bilinu 7-8 af 10 mögulegum (tafla 3).

Ef litið er á hvað veiddist af laxaseiðum í 6 garðanna sem höfðu verið metnir, þá var þéttleikinn mestur í tveimur görðum sem höfðu fengið einkunirnar 5 og 9. Lökust var útkoman í tveimur görðum sem fengu einkunirnar 5 og 7. Þéttleiki laxaseiða (allir árgangar) var að meðaltali 24,3 seiði á hverja 100 fermetra á þessum 6 stöðum (tafla 4). Meiri samsvörun var á milli einkunagjafa fyrir garða og þéttleika urriðaseiða í görðunum heldur en laxaseiða (sjá myndir 14a og 14b, stærð garða gefin í titli).

Umræða um niðurstöður rafveiða

Þéttleiki laxaseiða hefur farið minnkandi á síðustu árum í Húseyjarkvísl. Sama þróun hefur átt sér stað í mörgum öðrum laxveiðiám og vekur upp ýmsar spurningar um vitneskju okkar um lífsögu laxins og um verndun og nýtingu laxastofna. Þessi þróun hefur ekki síður átt sér stað í ám þar sem miklu magni hefur verið sleppt af seiðum heldur en í ám sem fengið hafa að sjá um sig sjálfar (Bjarni Jónsson gögn í vinnslu). Einn árgangur er áberandi slakur í Húseyjarkvísl um þessar mundir. Það eru seiði sem töldust eins árs síðastliðið haust en eru nú að hefja þetta ár sem tveggja ára seiði og ættu í eðlilegu árferði að ganga til sjávar vorið 2001. Nokkuð var um tveggja ára laxaseiði í ánni sumarið 1999 eða seiði sem vonandi ganga til sjávar nú í vor.

Útbreiðsla þeirra var hins vegar kaflaskipt og árgangurinn í heild sinni varla í meðallagi í ánni. Vorgömul laxaseiði fundust víðast í ánni sumarið 1999 en í litlu magni. Þessi árgangur er því til staðar en var heldur þunnskipaður. Ástand seiðabúskapar í Húseyjarkvísl sumarið 2000 mun að nokkru ráðast af því hvernig þessi árgangur skilar sér á milli ára. Sveiflur í árgangastyrkleika í Húseyjarkvísl eru ekki nýjar en þær hafa farið dýpkandi á seinni árum. Gjarnan hafa fylgst að sterkur árgangur og veikur árgangur en það hefur verið óalgengt að tveir þunnskipaðir árgangar komi í röð (sjá gögn hér og Bjarni Jónsson 1997).

Á meðan seiðapéttleiki er svo lítill í Húseyjarkvísl nýtast tilbúin búsvæði ekki sem skyldi og þau verða einnig þunnskipuð eins og aðrir hlutar árinna. Eins og ástand seiðabúskapar var sumarið 1999 virðist ljóst að áin, ekki síst með sínum auknu búsvæðum gæti fóstrað mun meira af laxaseiðum.

Þéttleiki urriðaseiða hefur síst minnkað á milli ára í Húseyjarkvísl og er talsvert af urriðaseiðum um ána. Rafveitt var á nýju svæði sumarið 1999, mun neðar en áður eða fyrir neðan Glaumbæ. Þar virðast ókjósanleg búsvæði bæði fyrir urriðaseiði og bleikjuseiði. Athygli vakti hve seiði veidd í þessum hluta árinna höfðu ljósara litarhaft en seiði sem veidd voru ofar í ánni. Áin er oft mjólkurlituð á þessu svæði og gæti þetta verið dæmi um aðlögun að slíku búsvæði. Þannig gætu verið aðskyldir stofnar sömu tegunda innan Húseyjarkvíslar eftir búsvæðum. Frekari rannsóknir þarf til að skera úr um slíkt.

Almenn umræða

Þéttleiki laxaseiða er óvenjulítil í Húseyjarkvísl um þessar mundir. Ástæðurnar geta verið margar og ber að fara varlega í að meta þær. Heimtur hafa verið slakar í ár víða um landið undanfarið, þar á meðal Norðurland. Þannig hafa jafnvel tiltölulega góðir gönguseiðaárgangar skilað sér illa til baka í árnar (Bjarni Jónsson gögn í vinnslu). Veiði var slök í Húseyjarkvísl sumarið 1999 eins og mörgum fleiri ám. Þannig var mjög léleg veiði í ám í nágreninu eins og Sæmundará, Laxá í Skefilsstaðahreppi og Fljótaá. Í þessum ám hefur verið beitt mismunandi leiðum til að stuðla að meiri laxveiði en með sömu niðurstöðu. Það skal tekið fram að í þeim ám þar sem umfangsmiklar seiðasleppingar hafa átt sér stað hefur veiði og seiðabúskapur verið síst betri en í ám sem fengið hafa frið. Í ákveðnum tilvikum hefur verið sleppt seiðum af framandi stofnum í ár og kann það að hafa haft áhrif á niðurstöðuna eða, því miður gæti haft í framtíðinni. Það mun verða ómetanlegt til framtíðar að þeir sem komið hafa að laxræktarmálum í Húseyjarkvísl hafa staðið vörð um laxastofna árinna og verið hana fyrir blöndun við framandi stofna eða sjúkdóma af þeirra völdum. Tímabundið samdráttarskeið í seiðabúskap og laxveiði í Húseyjarkvíslar er hægt að yfirstíga án þess að grípa til vanhugsaðra skammtímaáðgerða sem myndu skaða laxastofna árinna til framtíðar.

Ástand seiðastofna í Húseyjarkvísl er vissulega áhyggjuefni. Menn hafa velt fyrir sér mögulegum skýringum og hvort að veiðisóknin hafi verið of mikil í Húseyjarkvísl á síðustu árum, sérstaklega í ljósi þess að heimtur hafa verið slakar úr hafi. Ekki er hægt að meta hvað raunverulega hefur verið af hrygningarlaxi eftir í ánni eftir veiðitíma eða hve mikið af laxi þurfi að verða eftir. Niðurstöður rannsókna skortir á sambandi hrygningarstofns og nýliðunar hjá laxi í íslenskum ám. Þetta er hins vegar forgangsverkefni hjá Veimálastofnun í þeim rannsóknum á landsvísu sem nú standa yfir. Það er vandasamt að bregðast við þeim aðstæðum sem við stöndum frammi fyrir í dag í ljósi skorts á þekkingu. Til skamms tíma hefur því verið haldið fram af sumum fiskifræðingum að ekki þyrfti nema fá þör af lax í hverja á, jafnvel aðeins tvö eða þrjú til að nægjanleg hrygning væri tryggð í viðkomandi á. Því miður hefur þetta rækilega afsannað sig, bæði með tilliti til þéttleika laxaseiða til skamms tíma að ekki sé talað um áhrif á erfðasamsetningu stofna til lengri tíma.

Út frá þeim gögnum sem til eru um Húseyjarkvísl er ekki hægt að segja til um hvort að nægjanlegt magn hafi verið eftir af hrygningarlöxum í ánni á síðustu árum og hvort að tengsl séu þar á milli og hins vegar lítils þéttleika laxaseiða. Menn vilja sjá þessa

stöðu breytast og það er spurning hve miklu þeir eru tilbúnir að kosta til án þess að þekkja í raun orsakasamhengið. Það mun skipta miklu máli hvernig hrygningin haustið 1999 skilar sér á komandi sumri. Það verður hins vegar ekki ljóst fyrr en liðið er á sumar. Ef að þennan árgang mun vanta víðast um Húseyjarkvísl þarf að grípa til aðgerða í ánni.

Mjög gott samband hefur skapast á milli Veiðifélags Húseyjarkvíslar og leigutaka á undanförunum árum og gagnkvæmur skilningur hefur ríkt þar á milli. Á grundvelli þessa sambands geta aðilar tekið sameiginlegar ákvarðanir sem geta virkað sársaukafullar allavega tímabundið fyrir þá. Í ljósi þessa legg ég til eftirfarandi leiðir:

Tekið verði upp veiða sleppa fyrirkomulag í Húseyjarkvísl. Rannsóknir skortir hins vegar á því hve mikið lifi þó sleppt sé aftur og veitt á flugu. Ef þetta hlutfall er lágt skilar aðgerðin takmörkuðum árangri. Ekki er heldur víst að veiðimönnum hugnist þessi veiðimáti. Skortur á upplýsingum um lífslíkur gerir þennan möguleika ómarkvissari. Tekið skal fram að ekki liggur fyrir niðurstaða um samband á milli stærðar hrygningarstofns og nýliðunar. Hér væri því valin íhaldssöm leið.

Veiðitími verði fyrirfram stuttur um tvær til fjórar vikur, þannig að veiði verði hætt fyrr en ella. Ef að í ljós kemur í rafveiðum í júlí 2000 (fremur snemt reyndar til að ná vorgömlum laxaseiðum) að nýliðun verði þokkaleg úr hrygningu haustið 1999, verði leyft fullt veiðitímabil í Húseyjarkvísl. Þannig yrði bætt við veiðitímamann í restina með tiltölulega stuttum fyrirvara. Ef þessi leið verður fyrir valínu skyldi þó gera ráð fyrir því fyrirfram að veiðitímabil yrði ekki lengt. Það verði því bónus ef það reynist mögulegt. Tekið skal fram að ekki liggur fyrir niðurstaða um samband á milli stærðar hrygningarstofns og nýliðunar. Hér væri því valin íhaldssöm leið. Sérstaklega er mælt með þessari leið en á það minnt að þekkingu skortir til rökstiðja hana að öllu leiti.

Önnur leið er sú að halda hefðbundnu veiðifyrikomulagi og sjá hvernig staðan verður í haust, enda ekkert sannað um samband hrygningarstofns og nýliðunar hjá laxi í íslenskum ám.

Algerlega er mælt gegn því að lagst verði í seiðasleppingar sem leið til að byggja upp laxastofna Húseyjarkvíslar. Slíkt væri gerfileið sem ekki væri lausn til frambúðar. Í þessu tilviki liggja fyrir nægjanlegar niðurstöður til að hafna þessari leið bæði með

tilliti til skammtíma hagsmuna og til framtíðar litið fyrir laxastofna árinna.

Sérstaklega skal á það minnt að hagsmunaaðilar við Húseyjarkvísl haldi vöku sinni gagnvart því hvað gert er annarsstaðar í vatnakerfi Héraðsvatna og hvernig aðrir laxastofnar þar eru meðhöndlaðir. Slíkt getur haft áhrif á laxastofna Húseyjarkvíslar. Allur innflutningur á framandi erfðaefni inn á vatnasvæði Héraðsvatna svo sem af laxi er umsagnarskyldur til Veiðifélags Húseyjarkvíslar samkvæmt lögum, jafnvel þó að önnur veiðifélög á vatnasvæðinu eigi í hlut.

Tafla 1. Þéttleiki veiddra laxaseiða á hverja 100 fermetra eftir stöðum og aldri í Húseyjarkvísl í ágúst 1998.

Staðir	Veiðisv. m ²	0+	1+	2+	3+
Rafveiðisvæði					
1	300		2,33	1,67	
2	600	0,67	1,00		
3	160	1,87	2,50		
Grjótgarðar					
Ofan Saurb. 1-5	422		1,42	0,24	
Neðan Saurb. 1-4	365	1,37	3,29	0,55	
Við Laugarhyl 1-2	52		7,69		

Tafla 2. Þéttleiki veiddra laxaseiða á hverja 100 fermetra eftir stöðum og aldri í Húseyjarkvísl í ágúst 1999.




Staðir	Veiðisv. m ²	0+	1+	2+	3+
Rafveiðisvæði					
1	300		0,67	2,00	
2	480	0,62		0,62	
3	180	1,67	1,67	1,67	
Grjótgarðar					
Ofan Saurb. 1-5	181	2,76		1,67	
Neðan Saurb. A3-A8	103	7,77	0,97	8,74	6,80

Tafla 3. Áætluð stærð garða/tilbúinna búsvæða í Húseyjarkvísl neðan brúar við Saurbæ og einkunn með tilliti til virkni á bilinu 0-10. A1-A24 austurbakki Húseyjarkvíslar og V1-V13 vesturbakki. Talið er frá brú og áfram niður með hvorum bakka. Matið fór fram í ágúst 1999.




Garður	Stærð m ²	Einkunn	Garður	Stærð m ²	Einkunn
Austurbakki			Vesturbakki		
A1	3x10	8	V1	6x3	9
A2	3x6	6	V2	7x2	3
A3	6x2	5	V3	5x6	6
A4	5x3	9	V4	7x5	10
A5	2x2	2	V5	15x2	7
A6	10x3	7	V6	12x5	7
A7	10x3	7	V7	8x5	9
A8	6x2	5	V8	5x1,5	4
A9	12x3	10	V9	6x2	6
A10	4x3	7	V10	20x2	8
A11	5x3	7	V11	8x3	3
A12	2x3	7	V12	5x2	5
A13	7x4	8	V13	5x2	5
A14	8x6	10			
A15	6x6	6			
A16	7x2,5	6			
A17	6x3,5	9			
A18	3x8	8			
A19	12x5	4			
A20	7x3	2			
A21	12x4	8			
A22	10x6	8			
A23	6x2	4			
A24	12x2	7			
Samanlagt			Samanlagt		
A1-A24	595,5		V1-V13	330,5	
Einkunn	m ²		Einkunn	m ²	
0-2	25		0-2	0	
3-4	72		3-4	45,5	
5-6	95,5		5-6	62	
7-8	283		7-8	130	
9-10	120		9-10	93	

Tafla 4. Fjöldi laxaseiða í grjótgörðum A3-A8, einkunnir með tilliti til uppeldis fyrir laxaseiði og þéttleiki laxaseiða miðað við 100 fermetra í grjótgörðunum 28. ágúst 1999. Garðarnir voru metnir áður en rafveiðarnar fóru fram.


Garður	Stærð m ²	Fjöldi laxaseiða	Einkunn	Þéttleiki á 100m ²
A3	12	5	5	41,7
A4	15	6	9	40
A5	4	1	2	25
A6	30	3	7	10
A7	30	9	7	30
A8	12	2	5	8,3
A3-A8	103	25	5,8	24,3






Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl eftir stöðum í ágúst 1998.




Mynd 3a. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í grjótgördum ofan Saurbæjarbrúar í ágúst 1998.





Mynd 3b. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í grjótgörðum ofan Saurbæjarbrúar í ágúst 1998.






Mynd 4a. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í grjótgördum neðan Saurbæjarbrúar í ágúst 1998.






Mynd 4b. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í grjótgördum ofan Saurbæjarbrúar í ágúst 1998.






Mynd 5. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í grjótgördum við Laugarhyl í ágúst 1998.






Mynd 6. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl eftir stöðum 28. ágúst 1999.





Mynd 7. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í grjóttgördum ofan Saurbæjarbrúar og kvísl að austanverðu í september 1999.






Mynd 8a. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í grjótgörðum A3-A8 við austurbakka Húseyjarkvíslar neðan Saurbæjarbrúar 28. ágúst 1999.





Mynd 8b. Lengdar- og aldrisdreifing laxaseiða í grjótgörðum A3-A8 við austurbakka Húseyjarkvíslar neðan Saurbæjarbrúar 28. ágúst 1999.






Mynd 9. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl eftir stöðum í ágúst 1998.




Mynd 10a. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í grjótgörðum ofan Saurbæjarbrúar í Húseyjarkvísl í ágúst 1998. Stærð veiðisvæðis í titli.






Mynd 10b. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í grjótgördum ofan Saurbæjarbrúar í Húseyjarkvísl í ágúst 1998. Stærð veiðisvæðis í titli.






Mynd 11. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í grjótgördum neðan Saurbæjarbrúar í Húseyjarkvísl í ágúst 1998. Stærð veiðisvæðis í titli.






Mynd 12. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í grjótgörðum við Laugarhyl í Húseyjarkvísl í ágúst 1998. Stærð veiðisvæðis í titli.






Mynd 13. Lengdar- og aldrsdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl eftir stöðum 28. ágúst 1999.




Mynd 13bb. Lengdar- og aldursdreifing urriðaseiða í grjótgördum ofan Saurbæjarbrúar og kvísl að austanverðu í september 1999.






Mynd 14a. Lengdar- og aldursdreifing urriðaseiða í grjótgördum A3-A8 við austurbakka Húseyjarkvíslar neðan Saurbæjarbrúar 28. ágúst 1999.






Mynd 14b. Lengdar- og aldursdreifing urriðaseiða í grjótgörðum A3-A8 við austurbakka Húseyjarkvíslar neðan Saurbæjarbrúar 28. ágúst 1999.




Mynd 15. Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Húseyjarkvísl 28. ágúst 1999. Aðeins veiddust bleikjuseiði á einum stað, m stað 4 á Glaumbæjareyrum.



Mynd 16. Veiði eftir vikum í Húseyjarkvísl sumarið 1999. Lax, urriði og bleikja.



Mynd 17. Veiði í Húseyjarkvísl eftir stöðum sumarið 1999. Lax, urriði og bleikja.



Mynd 18. Pyngdardreifing laxa eftir kynjum sumarið 1999.